

Saga verkefnisins:

Árið 2011 komu upp hugmyndir í Hrunamannahreppi um hvort hægt væri að nýta seyruna heima fyrir í stað langra flutninga á urðunarstað og var hugmyndin rædd á sveitarstjórnarfundum í október sama ár. Úr varð að kanna möguleika á nýtingu fastefnis rotþróa til landgræðslu eða skógræktar og koma á fót tilraunaverkefni í því skyni.

Haft var samband við Landgræðslu ríkisins og í mars 2012 gerðu Landgræðslan og Hrunamannahreppur með sér þriggja ára samning um tilraunaverkefni um nýtingu seyru til uppgræðslu á afgirtu landi á Hrunamannafrétti, í svo kallaðri Gullfossgirðingu. Í stað þess að flytja seyru um langan veg til urðunar var hún grófhreinsuð og flutt í landgræðslugirðingu fremst á afréttinum þar sem hún var felld niður í gróðurýra mela til að sjá hvernig hún nýtist til landgræðslu. Verkefnið stóð í þrjú ár og var unnið með samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Landgræðslan fylgdist með framvindu og árangri uppgræðslunnar og gerði mælingar á gróðri fyrst haustið 2015.

2014 þegar Sorpa ákvað skyndileg að hætta móttöku á seyru lentu önnur sveitarfélög í vandræðum með afsetningu á seyru. Eftir samtal Uppsveita og Flóa var farið í að kanna með samvinnu þessara 5 sveitarfélaga Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes-og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða-og Gnúpverjahrepps um vinnslu og nýtingu á seyru.

Tæknisvið UTU hélt utan um og stjórnaði fjárfestingum vegna seyrusvæðisins í upphafi. Hrunamannahreppur sá um framkvæmd og umsjón verkefnisins og er umsjónarsveitarfélag. Í byrjun var allt tekið úr þrónni og sett í gám á gámasvæði og svo sett í tank og keyrt upp eftir og felld niður í jarðveginn. Hreinsitækni og Stíflupjónusta Suðurlands sá um að þjónusta svæðið.

Í byrjun árs 2015 var samþykktur samstarfssamningur um verkefnið hjá sveitarfélagunum. Breytt var um aðferð við afsetningu seyrunnar þar sem kostnaðarsamt og erfitt var að fella seyruna niður. Farið var í það að safna seyrinni, afvatna hana, kalka og yfirborðsdreifa með þar til gerðum vagni. 2015 var keyptur kalkari að fyrirmynd Færeyinga og Dana og var hann settur upp við hliðina á gámasvæðinu í Hrunamannahreppi enda var þar leyfi fyrir þess háttar starfsemi.

Kalkarinn var tekin í notkun vorið 2016 og var þá var farið úr því að fella niður seyruna í að yfirborðsdreifa henni.

Í lok árs 2017 óskaði Ásahreppur eftir að koma inn í verkefnið og í febrúar 2018 var gengið frá samstarfssamningi 6 sveitarfélaga um rekstur á verkefninu. Þe. Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes-og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða-og Gnúpverjahrepps.

2018 var samþykkt að kaupa hreinsibíl fyrir verkefnið og kom hann til landsins í lok júní 2018 og byrjað var að nýta bílinn í lok júlí það sama ár. Bílinn var keyptur með búnaði til að hreinsa aukahluti úr seyrinni, sigti, og reynist það vel. Þó nokkuð er af aukahlutum í seyrinni þá sérstaklega blautklútum. Tveir starfsmenn voru ráðnir á bílinn. Bílstjóri og aðstoðarmaður.

Í lok árs 2018 var samþykkt að fara í að byggja yfir starfsemina og var það gert á Flatholti 2 við gámasvæðið í Hrunamannahreppi.

Verkið var boðið út 2019 og eftir opnun útboðs var samið við Landstólpa um bygginu á húsinu og alla jarðvinnu. Fjallaraf sá um lagningu rafmagns og Starfsmenn áhaldahúss Hrunamannahrepps sáu um að leggja lagnir í húsið. Húsið var tekið í notkun í byrjun árs 2020 og breytti það miklu með reksturinn á svæðinu að koma honum inní hús.

Húsið er um 880 fm. (lengd 35 m og breidd 25 m) með 7 m vegghæð.

Í byrjun árs 2020 var ráðin þjónustufulltrúi í 100 % starf inn í verkefnið og byrjaði hann þann 1.mars 2020. Keyptur var Toyota Hilux fyrir þjónustufulltrúann. Starfssvið hans er m.a að vera tenging milli fasteignaeigenda, skrifstofa sveitarfélaganna og verkefnisins og annast samskipti við fasteignaeigendur auk þess sér hann um að fara um svæðið skoða aðgengismál og skoðar og skrásetur rotþræ.

Verkefnið hefur verið mikið frumkvöðlastarf frá því það hófst. Það stækkar ári frá ári. Rotþróm á svæðinu fjölgar ört og fleiri aðilar óska eftir að koma efni til vinnslu á Seyrustöðum.

Í lok árs 2022 eru Seyrustaðir eina vinnslustöð sinna tegundar á Íslandi.

Nú lok árs 2022 eru skráðar um 7000 rotþrær hreinsunarsvæði verkefnisins.